



Starfslýsing umsjónarmanns í Regnbogalandi

Næstu yfirmenn eru stjórnendur í GSS

Hæfniskröfur:

- Aldurstakmark er 25 ára eða háskólapróf
- Áhugi á að vinna með börnum
- Krafist er íslenskukunnáttu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvulæsi

Ábyrgðasvið:

- Megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda
- Tekur þátt í uppeldis – og umsjónarstarfi og öðrum þeim störfum sem fram fara innan skólans.
- Veitir fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum.

Helstu verkefni:

1. Er umsjónarmaður Regnbogalands og hefur forgöngu um að skipuleggja starfið en gerir það í samstarfi við annað starfsfólk. Heldur utan um samskipti við Tónlistaskóla, Snæfell og annað tómstundastarf.
2. Umsjónarmaður í Regnbogalandi skal gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál sem hann fær vitneskju um í starfi og sýnir tillitssemi í samskiptum við annað starfsfólk og nemendur. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
3. Er í samskiptum við foreldra og forráðamenn varðandi tilkynningar sem hafa áhrif á dagsskipulag nemandans.
4. Hann sýnir nemendum skóla gott fordæmi, er jákvæður traustur og samkvæmur sjálfum sér.
5. Verði umsjónarmaður Regnbogalands var við að nemandi fari ekki að skólareglum eða sýni af sér vítaverða framkomu og lætur ekki segjast við áminningar skal hann tilkynna það til viðkomandi umsjónarkennara skráð á stöðluðu formi.
6. Sér um matarinnkaup.
7. Veitir fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum
8. Fylgist með því að nauðsynleg leikföng, búnaður og námsgögn séu til staðar í Regnbogalandi og leggur fram tillögur þar um til skólastjóra.
9. Skilur við hvert rými eins og komið var að því, þ.e. gengur frá munum, lokar gluggum og slekkur ljós. Skúrað gólf í fataklefa í lok dags, sturtar niður í klósettum og tekur upp pappír inni á klósettum. Fer út með rusl sem til hefur fallið í Regnbogalandi.
10. Sér um frágang eftir vetrarstarfið s.s. að eðlilegt viðhald fari fram á búnaði.
11. Sér um að upplýsa annað starfsfólk í Regnbogalandi og situr teymisfundi þar sem við á.